



Áveitan

7. tbl. 19. árgangur. Júlí 2025



Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina, 31. júlí - 3. ágúst 2025. Mótið er íþrótt- og fjölskylduhátíð þar sem 11 - 18 ára þátttakendur reyna með sér í um 20 íþróttagreinum.

Alla daga mótsins verður boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Mótið fer fram í samstarfi við Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA) og sveitarfélagið Múlaþing.

Þátttökugjald er 9.900 krónur.

Frábært hátíð fyrir alla fjölskylduna.

Nánari upplýsingar og skráningarform er að finna á www.ulm.is

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill frá oddvita sveitarstjórnar Flóahrepps



Kæru sveitungar “sumarið er tíminn” segir einhversstaðar. Ég held að það sé orð að sönnu, fólk hlakkar gjarnan til sumars, planar og skipuleggur hvernig það verði best nýtt í leik og starfi. Sveitarfélagið er engin undantekning hvað þetta varðar og þess vegna er ánægjulegt þessa dagana að fylgjast með hlutunum gerast.

17. júní hátíðahöld og umhverfisverðlaun Flóahrepps

Hátíðahöld okkar á 17. júní í Einbúa tókust vel og voru vel sótt og þrátt fyrir aðeins óvissu með veður í spám þá slapp það ágætlega. Fólk naut samverunnar á þessu fallega svæði okkar sem bæði starfólk sveitarfélagsins og velunnarar höfðu slegið og fegrað fyrir hátíðina. Að hátíðinni standa auk sveitarfélagsins Umf. Þjótandi og Kvenfélög Villingaholts- og Hraungerðishrepps og vil ég þakka öllum sem að undirbúningi komu fyrir þeirra framlag við að gera þjóðhátíðardaginn okkar jafn hátíðlegan og raunin var.



*Fjallkona Flóahrepps 2025 var
Cathy Krentel, Egilsstöðum 2*

Dagskrá var hefðbundin, leikir, ræðuhöld og söngur. Afhent voru umhverfisverðlaun og í ár var það íbúðarhúsið í *Kambi* sem hlaut umhverfisverðlaun. Auðsýnt er að eigendur sýna alúð við fegrun umhverfisins með fallegum gróðri og aðkomu.



Verðlaunahafar Umhverfisverðlauna Flóahrepps

Endurnýjun og viðhald á húsi er til fyrirmyndar. Það var Haukur Hauksson sem tók við verðlaununum.

Í flokki atvinnurekstrar var það búið að *Brúnastöðum* sem hlaut umhverfisverðlaunin þetta árið. Búið er snyrtilegt og húsakosti vel við haldið. Ljóst er að ábúendur hafa metnað fyrir því að halda bæjarhlaðinu og aðkomu þannig að sómi sé að. Það voru Ágúst Ingi Ketilsson og Elín Magnúsdóttir ásamt börnum sínum sem tóku við verðlaununum.

Vinnuskóli Flóahrepps

Framkvæmdir, viðhald og fegrun umhverfis eru í fullum gangi þessar vikurnar. Vinnuskólinn er vel mannaður undir stjórn öflugra flokkstjóra sem þekkja vel til allra hluta og sinna þau umhirðu, hreinsun og minniháttar viðhaldi á útisvæðum og eignum sveitarfélagsins.

Flóaskóli og Þjórásarver

Sumarlokun í Flóaskóla er nýtt til árlegrar umhirðu innandyrna, málað, þrifið og bónað eftir þörfum hverju sinni. Á skólalóðinni er unnið eftir nýju skipulagi og var reistur leikkastali sunnan við skólann auk þess voru gerðar minnháttar lagfæringar við önnur leiktæki. Korfuboltavöllur verður færður í sumar þar sem núverandi völlur þarf að víkja þegar byggt verður við skólann.

Varðandi stækkun skólans þá eru okkur þessa dagana að berast verð í hönnun á stækkuninni og á næstu vikum er stefnt á að semja við þar til bæra aðila til að hanna og teikna viðbyggingu fyrir okkur. Í Þjósárveri stendur yfir endurnýjun á salernum og smávægilegar breytingar því tengt. Á næstu árum stendur til að stækka og lagfæra aðstöðu bakdyramegin svo móttaka á vörum og geymslur verði betri.

Þingborg og leikskólinn Krakkaborg

Á Þingborgarsvæðinu stendur yfir viðhald húsa, þök leikskólans og veggir félagsheimilisins voru máluð í vor og í leikskólanum er stefnt á minniháttar viðhald eins og venjan er í sumarlokun. Í félagsheimilinu verður á haustmánuðum ráðist í stækkun á salnum með því að taka niður sviðið og gerðar um leið innan-húsbreytingar til að bæta aðgengi fatlaðra að húsinu.

Íbúðabyggð við Þingborg og lóðir við Heiðargerði

Varðandi uppbyggingu íbúðasvæðis í Þingborg þá eru að verða tilbúin hönnunargögn svo hægt verði að bjóða út gatnagerð og jarðvinnu á fyrsta áfanga svæðisins og stefnt á framkvæmdir þar á haustmánuðum. Það er mikið spurt um hvenær verði úthlutað lóðum á svæðinu en ákvörðun um það liggur ekki fyrir en sveitarstjórn þarf áður en það er hægt að samþykka úthlutunarreglur og erum við með það til skoðunar hjá okkur. Í Heiðargerði er engin lóð eftir en skipulag fyrir stækkun svæðisins að verða klárt svo mögulega verður hægt á haustmánuðum að koma nýju svæði af stað þar, en þar er sömu sögu að segja og ég verið talsvert spurður um lausar iðnaðarlóðir á svæðinu.

Vatnsveitan

Varðandi vatnsveituna þá verða í sumar lagðir nýjar stofnlagnir á nokkrum stöðum bæði til að tengja nýjar byggðir í Meðalholtum og Skálmholti en líka til tryggja önnur svæði þar sem byggð hefur verið að þéttast. Einnig verður sett upp dælustöð við Uppsali til að tryggja þrýsting á vatni sem kemur vestan frá Selfossi. Einnig er talsvert um ný tengingar enda talsverð uppbygging í gangi vítt og breytt um sveitarfélagið.

Af þessu er ljóst að það er margvíslegt í gangi hjá sveitarfélaginu og þó sveitarstjórn og nefndir fundi eitthvað strjálle en venjulega yfir sumartímann þá er sumarið tími framkvæmda og allt rennur áfram enda valinn maður í hverju rúmi í starfsmannahópnum og verktökum sem vinna fyrir okkur.

Njótið öll sumars sem best í leik og starfi

Árni Eiríksson oddviti sveitarstjórnar Flóahrepps

Þjótandaæfingar í sumar



Umf Þjótandi verður með æfingar í sumar fyrir krakka sem voru að ljúka 1. - 6. bekk.

Æfingarnar verða á þriðjudögum milli kl 20 og 21, á íþróttavellinum við Þjórsárver.

Þjálfarar eru þær Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Næstu æfingar eru: 1. júlí, 8. júlí, 15. júlí, 22. júlí og 29. júlí

Einnig verða leikjakvöld fyrir nemendur sem voru að ljúka 7. bekk og eldri.

Þau eru á fimmtudagskvöldum milli kl 20 og 21.

Staðsetning er auglýst á facebooksíðunni „Leikjakvöld Þjótanda“ hvert sinn.

Næstu æfingar eru: 3. júlí, 10. júlí, 17. júlí, 24. júlí og 31. júlí.

Stjórnin

Ungmennafélagið Þjótandi stóð að venju fyrir fjölbreyttri dagskrá á Fjöri í Flóa um síðustu mánaðarmót. Má þar nefna pylsusölu, andlitsmálningu, kökuskreytingakeppni og hjólarallý



Í kökuskreytingakeppninni var mikið um dýrðir og kökurnar einkar glæsilegar. Var það ekki einfalt verkefni fyrir dómnefndina að velja sigurvegara en í dómnefnd voru þau: Rannveig Árnadóttir, Ósk Unnarsdóttir og Birgir Freyr Andrússon.

Úrslit urðu eftirfarandi:

- | | |
|---------|---|
| 1. sæti | Kristján Reynisson og Hrafnkell Eypórsson |
| 2. sæti | Steinn Þorri Victorsson og Stefanía Bryndís Axelsdóttir |
| 3. sæti | Magnús Búi Ágústsson og Einar Bragi Ágústsson. |

Einnig var keppt í hjólarallý og er óhætt að segja að keppnin hafi verið lífleg og dramatísk á köflum. Keppt var í tveimur flokkum og voru úrslit eftirfarandi:

Flokkur 9 ára og yngri:

- | | |
|--------|-----------------------------|
| 1. | Ernir Rafn Eggertsson |
| 2.– 4. | Vilborg Lára Brynjarsdóttir |
| 2.– 4. | Stefán Eðvald Guðmundsson |
| 2.– 4. | Inga Lilja Haraldsdóttir |

Flokkur 10 ára og eldri:

- | | |
|----|----------------------------|
| 1. | Albert Hellsten Högnason |
| 2. | Kristján Reynisson |
| 3. | Kolbeinn Sturluson Schacht |

Stjórn UMF Þjótanda vill þakka öllum keppendum fyrir fjöruga og skemmtilega keppni. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem unnu fyrir félagið eða aðstoðuðu við framkvæmd á einn eða annan hátt kærlega fyrir samstarfið.

Nokkrar myndir frá Fjöri í Flóa 2025.

*Ljósmyndari:
Sandra Dís Sigurðardóttir*



Úrslit móta

Héraðsleikar HSK– haldnir á Selfossi 24. júní 2025

60 m hlaup pilta 8 ára og yngri

- | | | |
|-----|-----------|------------------------------|
| 2. | 11,29 sek | Ernir Kristberg N. Jakobsson |
| 3. | 11,33 | Einar Waltersson |
| 9. | 13,09 | Birnir Þór Hlíðdal |
| 10. | 13,17 | Guttormur Ólafarson |

400 m hlaup pilta, 8 ára og yngri

- | | | |
|----|-------------|------------------------------|
| 4. | 1:46,50 mín | Ernir Kristberg N. Jakobsson |
| 6. | 1:49,25 | Guttormur Ólafarson |
| 8. | 1:52,56 | Birnir Þór Hlíðdal |

Langstökk pilta, 8 ára og yngri

- | | | |
|-----|--------|------------------------------|
| 1. | 2,69 m | Einar Waltersson |
| 6. | 2,31 | Ernir Kristberg N. Jakobsson |
| 13. | 2,00 | Birnir Þór Hlíðdal |
| 15. | 1,80 | Guttormur Ólafarson |

Skutlukast pilta, 8 ára og yngri

- | | | |
|-----|---------|------------------------------|
| 1. | 14,62 m | Einar Waltersson |
| 4. | 11,57 | Guttormur Ólafarson |
| 5. | 11,50 | Ernir Kristberg N. Jakobsson |
| 13. | 6,44 | Birnir Þór Hlíðdal |

60 m hlaup pilta, 9 ára

- | | | |
|----|-----------|----------------------------|
| 1. | 10,91 sek | Kristján Þórarinn Andrason |
| 2. | 10,93 | Haraldur Ólafarson |
| 4. | 11,92 | Ernir Rafn Eggertsson |

400 m hlaup pilta, 9 ára

- | | | |
|----|-------------|----------------------------|
| 1. | 1:26,36 mín | Kristján Þórarinn Andrason |
| 2. | 1:31,69 | Haraldur Ólafarson |

Langstökk pilta, 9 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------------|
| 1. | 3,30 m | Kristján Þórarinn Andrason |
| 2. | 2,81 | Haraldur Ólafarson |
| 4. | 2,48 | Ernir Rafn Eggertsson |

Kúluvarp (2 kg) pilta, 9 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------------|
| 1. | 7,13 m | Kristján Þórarinn Andrasen |
| 2. | 6,53 | Ernir Rafn Eggertsson |
| 4. | 4,99 | Haraldur Ólafarson |

60 m hlaup pilta, 10 ára

- | | | |
|----|-----------|----------------------------|
| 2. | 10,20 sek | Þorkell Ólafur Þórbergsson |
| 3. | 10,21 | Héðinn Fannar Höskuldsson |
| 6. | 11,47 | Einar Hörður Haraldsson |
| 8. | 12,01 | Sölvi Þór Magnússon |

400 m hlaup pilta, 10 ára

- | | | |
|----|--------------|----------------------------|
| 3. | 1:29, 23 mín | Þorkell Ólafur Þórbergsson |
| 4. | 1:33,39 | Héðinn Fannar Höskuldsson |
| 6. | 1:46,38 | Sölvi Þór Magnússon |

Hástökk pilta, 10 ára

- | | | |
|-------|--------|----------------------------|
| 2. | 1,05 m | Héðinn Fannar Höskuldsson |
| 5.-8. | 0,90 | Þorkell Ólafur Þórbergsson |
| 5.-8. | 0,90 | Sölvi Þór Magnússon |
| 9. | 0,90 | Einar Hörður Haraldsson |

Langstökk pilta, 10 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------------|
| 3. | 2,96 m | Héðinn Fannar Höskuldsson |
| 4. | 2,92 | Þorkell Ólafur Þórbergsson |
| 6. | 2,51 | Sölvi Þór Magnússon |

Kúluvarp (2 kg) pilta, 10 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------------|
| 2. | 6,51 m | Héðinn Fannar Höskuldsson |
| 3. | 6,43 | Þorkell Ólafur Þórbergsson |
| 7. | 5,77 | Einar Hörður Haraldsson |
| 8. | 5,52 | Sölvi Þór Magnússon |

60 m hlaup stúlkna, 8 ára og yngri

- | | | |
|----|-----------|--------------------------|
| 3. | 11,90 sek | Inga Lilja Haraldsdóttir |
|----|-----------|--------------------------|

Langstökk stúlkna, 8 ára og yngri

- | | | |
|----|--------|--------------------------|
| 4. | 2,24 m | Inga Lilja Haraldsdóttir |
|----|--------|--------------------------|

Skutlukast stúlkna, 8 ára og yngri

- | | | |
|----|--------|--------------------------|
| 5. | 6,07 m | Inga Lilja Haraldsdóttir |
|----|--------|--------------------------|

60 m hlaup stúlkna, 10 ára

- | | | |
|----|-----------|----------------------------|
| 4. | 11,30 sek | Lilja Reynisdóttir |
| 5. | 11,53 | Emilía Agnes Jóhannsdóttir |

400 m hlaup stúlkna, 10 ára

- | | | |
|----|-------------|----------------------------|
| 4. | 1:35,32 mín | Lilja Reynisdóttir |
| 5. | 1:37,35 | Emilía Agnes Jóhannsdóttir |

Hástökk stúlkna, 10 ára

- | | | |
|----|--------|--------------------|
| 5. | 0,90 m | Lilja Reynisdóttir |
|----|--------|--------------------|

Langstökk stúlkna, 10 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------------|
| 4. | 2,89 m | Lilja Reynisdóttir |
| 5. | 2,22 | Emilía Agnes Jóhannsdóttir |

Kúluvarp stúlkna, 10 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------------|
| 4. | 5,44 m | Lilja Reynisdóttir |
| 5. | 4,36 | Emilía Agnes Jóhannsdóttir |

Aldursflokkamót HSK– haldið á Selfossi 24. - 25. júní 2025

60 m hlaup pilta, 11 ára

- | | | |
|----|----------|----------------------|
| 1. | 9,89 sek | Arnar Alex Reynisson |
| 2. | 9,95 | Páll Axel Axelsson |

600 m hlaup pilta, 11 ára

- | | | |
|----|-------------|----------------------|
| 1. | 2:13,95 mín | Arnar Alex Reynisson |
| 2. | 2:50, 54 | Páll Axel Axelsson |

Hástökk pilta, 11 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------|
| 1. | 1,20 m | Arnar Alex Reynisson |
| 3. | 1,00 | Páll Axel Axelsson |

Langstökk pilta, 11 ára

- | | | |
|----|--------|-------------------------|
| 1. | 3,66 m | Arnar Alex Reynisson |
| 3. | 3,30 | Nikulás Tumi Ragnarsson |
| 4. | 3,01 | Páll Axel Axelsson |

Kúluvert pílta, 11 ára

- | | | |
|----|--------|-------------------------|
| 1. | 8,46 m | Nikulás Tumi Ragnarsson |
| 2. | 8,00 | Páll Axel Axelsson |
| 3. | 7,69 | Arnar Alex Reynisson |

Spjótkest pílta, 11 ára

- | | | |
|----|---------|--------------------|
| 1. | 12,80 m | Páll Axel Axelsson |
|----|---------|--------------------|

80 m hlaup pílta, 13 ára

- | | | |
|----|-----------|----------------------|
| 4. | 12,59 sek | Kristján Reynisson |
| 7. | 13,64 | Ottó Ingi Annýjarson |

600 m hlaup pílta, 13 ára

- | | | |
|----|-------------|--------------------|
| 3. | 2:15,29 mín | Kristján Reynisson |
|----|-------------|--------------------|

80 m grindahlaup pílta, 13 ára

- | | | |
|----|-----------|----------------------|
| 3. | 17,47 sek | Kristján Reynisson |
| 4. | 18,76 | Ottó Ingi Annýjarson |

Hástökk pílta, 13 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------|
| 5. | 1,20 m | Kristján Reynisson |
| 6. | 1,10 | Ottó Ingi Annýjarson |

Langstökk pílta, 13 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------|
| 4. | 3,76 m | Kristján Reynisson |
| 6. | 3,18 | Ottó Ingi Annýjarson |

Kúluvarp (3 kg) pílta, 13 ára

- | | | |
|----|--------|----------------------|
| 2. | 8,15 m | Kristján Reynisson |
| 3. | 4,99 | Ottó Ingi Annýjarson |

Spjótkest pílta, 13 ára

- | | | |
|----|---------|----------------------|
| 4. | 23,80 m | Kristján Reynisson |
| 7. | 17, 26 | Ottó Ingi Annýjarson |

60 m hlaup stúlkna, 11 ára

- | | | |
|----|-----------|-------------------------|
| 7. | 10,89 sek | Valgerður Björk Hlíðdal |
|----|-----------|-------------------------|

Langstökk stúlkna, 11 ára

- | | | |
|----|---------|-------------------------|
| 5. | 2, 98 m | Valgerður Björk Hlíðdal |
|----|---------|-------------------------|

Kúluvarp (2. kg) stúlkna, 11 ára

3. 5,89 m Valgerður Björk Hlíðdal

80 m hlaup stúlkna, 13, ára

3. 13,16 sek Lilja María Axelsdóttir

4. 14,02 Guðbjörg Erla Annýjardóttir

600 m hlaup stúlkna, 13 ára

3. 2:19,63 mín Lilja María Axelsdóttir

4. 2:30,04 Guðbjörg Erla Annýjardóttir

80 m grindahlaup stúlkna, 13 ára

2. 17,69 sek Lilja María Axelsdóttir

Hástökk stúlkna, 13 ára

3. 1,10 m Lilja María Axelsdóttir

Langstökk stúlkna, 13 ára

2. 3,74 m Lilja María Axelsdóttir

5. 3,14 Guðbjörg Erla Annýjardóttir

Kúluvarp (2 kg) stúlkna, 13 ára

3. 7,37 m Lilja María Axelsdóttir

5. 5,14 Guðbjörg Erla Annýjardóttir

Spjótkest stúlkna, 13 ára

4. 13,81 m Lilja María Axelsdóttir

4 x 100 m boðhlaup, blandað

7. 1:05,46 mín Guðbjörg Erla Annýjardóttir, Lilja María Axelsdóttir, Kristján Reynisson og Ottó Ingi Annýjarson.

Á aldursflokkamótið mættu um 50 keppendum frá 8 liðum innan HSK. Mótið gekk vel þrátt fyrir óspennandi veður og var mikið um bætingar hjá keppendum.

Keppt var um verðlaun fyrir stigahæsta félag á mótinu og fyrir stigahæsta félag í hverjum aldursflokki.

Umf Þjótandi sigraði keppnina um stigahæsta félag í flokki 11 ára með 70 stig og varð í 3ja sæti í heildarstigakeppninni með 145 stig. Glæsilegur árangur hjá keppendum Þjótanda.



*Fleiri myndir frá Fjöri í
Flóa 2025
Ljósmyndari:
Sandra Dís
Sigurðardóttir*



60+ göngur miðvikudaga í júlímánuði:

Miðvikudaginn 2. júlí er á dagskrá gönguferð að Loftsstaðahóli. Hist kl.18:00 við afleggjarann að Sæholti þar sem Sigga og Már búa og þau munu keyra á undan að gönguleiðinni. Gangan tekur um 1.5 klst svo gott er að taka með vatnsbrúsa og göngusnarl. Aðeins óslétt undirlag en ekki erfið ganga. Frekari upplýsingar hjá Siggu í s.860-2209.

Þann 9. júlí er ganga við Hvítá að veiðihúsi/um. Hist kl.18 við bæinn Hallanda 2, athugið að keyra þarf um Ármótsveg til að komast þangað. Nokkuð auðveld og mátuleg ganga þar sem hægt er að keyra hluta á jeppa. Baldur og Betzy munu sjá um gönguna. Frekari upplýsingar hjá Betzy í s.868-3116.

Þriðja júlíngangan verður þann 16. júlí í Skagási. Hist kl.18 við Skagás og genginn hringur í skóginum sem er aðeins þýfður yfirferðar. Einnig hægt að fara styttri og auðveldari leið. Þórunn á Vatnsenda mun sjá um gönguna og er síminn hjá henni 862-1542.

Þann 23. júlí er ganga með Hvítá eftir Brúnastað aflötum. Hist á planinu við flóðgátt Flóaáveitunnar kl.18 og gengið yfir flóðgáttina yfir á flatirnar í fylgd Dagbjarts á Brúnastöðum. Gangan er um 1,5-2 km. Síminn hjá Dagbjarti er 856-5595.

Fimmta júlí gangan verður svo 30. júlí og er skipulag hennar enn í vinnslu en verður hún farin í Flóahreppi og hefst kl. 18. Nánar síðar.



Á dagskrá hjá

UMF. ÞJÓTANDA



Ungmennafélagsreiðtúrinn verður á sínum stað í sumar þegar vel viðrar. Nánari stað- og tímasetning verður auglýst síðar á samfélagsmiðlum félagsins.

Miðað verður við að nóg sé að vera með einn hest og ætti ferðin að henta flestum.

Ungmennafélagið býður svo uppá grillaðar pylsur og svaladrykk í lok ferðar.



Umf. Þjótandi ætlar að standa fyrir **fjölskyldugöngu** líkt og undanfarin ár.

Nánari stað- og tímasetning verður auglýst síðar á samfélagsmiðlum félagsins en sem fyrr stefnum við á gott veður.

Gangan ætti að henta öllum duglegum krökkum allt niður í 5 - 6 ára og fullorðnum að sjálfsögðu líka.

Gott nesti skiptir höfuðmáli í skemmtilegri gönguferð og ekki má heldur gleyma vatnsbrúsa og sólarvörninni.

Fylgist með á samfélagsmiðlum Umf. Þjótanda.



Við hlökkum til að sjá ykkur!



Dagskrá mánaðarins:

Sumaræfing yngri	1. júlí
Ganga 60 + Sæholt	2. júlí
Leikjakvöld eldri	3. júlí
Sumaræfing yngri	8. júlí
Ganga 60 + Hallandi 2	9. júlí
Leikjakvöld eldri	10. júlí
Sumaræfing yngri	15. júlí
Ganga 60 + Skagás	16. júlí
Leikjakvöld eldri	17. júlí
Sumaræfing yngri	22. júlí
Ganga 60 + Flóðgátt	23. júlí
Leikjakvöld eldri	24. júlí
Sumaræfing yngri	29. júlí
Ganga 60 +	30. júlí
Leikjakvöld eldri	31. júlí
Unglingalandsmót UMFÍ	31. júlí - 3. ágúst

